

Borgarstjórn Reykjavíkur

2. október 2018

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um jöfn fjárframlög úr borgarsjóði með börnum í grunnskóla og á frístundaheimilum, óháð rekstrarformi skólanna

Borgarstjórn samþykkir að veita jöfn fjárframlög úr borgarsjóði með hverjum nemanda sem lögheimili á í Reykjavík og sækir þar grunnskóla og/eða frístundaheimili. Skal sama upphæð opinbers fjár því fylgja hverju barni í skólakerfinu, óháð rekstrarformi viðkomandi grunnskóla eða frístundaheimilis. Þiggi sjálfstætt rekinn grunnskóli þessi auknu fjárframlög getur skólinn ekki innheimt skólagjöld af nemendum búsettum í Reykjavík.

Greinargerð

I. Inngangur

Víða í Evrópu er að finna sjálfstætt starfandi grunnskóla. Þessir skólar eru almennt litrík viðbót við skólafloðu hvers lands. Þeir hafa gjarnan kynnt til leiks nýstárlega hugmyndafræði og nýjar framsæknar skólastefnur. Þeir hafa veitt foreldrum fleiri valkosti í skólamálu og tækifæri til að velja milli ólíkra áherslna í uppeldi og menntun barna sinna.

II. Lagaumhverfið

Lög um grunnskóla nr. 91/2008 kveða á um skyldu sveitarfélaga til að starfrækja bæði grunnskóla og frístundaheimili. Lögin ná einnig til reksturs sjálfstætt starfandi skóla hvað grunnskólastarf snertir. Hins vegar virðist löggjafinn hafa gleymt að taka á því hvernig sjálfstætt starfandi skólar eiga að reka frístundaheimili. Eingöngu er tiltekið að sveitarfélögum beri skylda til að bjóða öllum börnum upp á frístundaheimili. Sjálfstætt starfandi skólar uppfylla lagaskyldu borgarinnar um rekstur frístundaheimilis, en þó án fjárframlaga frá borgarsjóði.

Árið 2008 var lögum um grunnskóla breytt á þann veg að sjálfstætt starfandi skólar sem njóta viðurkenningar ríkisins skuli fá tiltekið lágmarksframlag frá sveitarfélögum fyrir hvern nemanda. Lágmarksframlagið nemur 75% af meðalrekstrarkostnaði á hvern nemanda í öllum opinberum grunnskólum landsins, sbr. 43. gr. b. laga um grunnskóla. Flest sveitarfélög landsins greiða eingöngu þetta lágmarksframlag til sjálfstætt starfandi grunnskóla. Þetta takmarkaða opinbera framlag veldur því að rekstur skólanna er háður innheimtu skólagjalda.

Lögin útiloka þó ekki að framlög sveitarfélaga verði hærrí en sem nemur þessu lögbundna lágmarksframlagi. Til að mynda hefur Gardabær veitt sjálfstætt starfandi grunnskólum í sveitarfélaginu sömu framlög á hvern nemanda og bæjarreknum grunnskólum. Þó með því skilyrði að skólarnir innheimti ekki skólagjöld.

III. Sjálfstæðir skólar héraendis og erlendis

Héraendis eru starfræktir 13 sjálfstætt starfandi grunnskólar en sex þeirra eru í Reykjavík. Nemendur í sjálfstætt starfandi grunnskólum eru 2,3% allra grunnskólabarna landsins. Hlutfall nemenda í sjálfstætt starfandi grunnskólum í Reykjavík var á bilinu 4,7-4,9% á árunum 2016-17 skv. tölum frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Þetta eru afar lág hlutföll, og niðurstaðan leiðir til fábreytni í skólakerfinu.

Samanburðurinn er áhugaverður við aðrar Evrópuþjóðir. Í Danmörku eru 12% allra grunnskólabarna í sjálfstætt starfandi skólum en í Kaupmannahöfn er fjórðungur nemenda í slíkum skólum. Þá njóta sjálfstætt starfandi skólar vaxandi vinsælda meðal foreldra í Svíþjóð en árið 2017 voru 15% grunnskólabarna í sjálfstætt reknum grunnskólum. Holland mælist meðal efstu þjóða í PISA könnunum, jafnvel ofar en Finnland. Í Hollandi er löng hefð fyrir sjálfstætt starfandi skólum en um 70% allra grunnskólabarna sækja nám í slíkum skólum. Starfræktir eru margs konar skólar á grunnskólastigi og réttur manna til að stofna skóla hefur þótt afar mikilvægur.

Grunnskólar í Hollandi innheimta engin skólagjöld, óháð rekstrarformi. Þannig er foreldrum af ólíkum efnahag tryggt val milli opinberra skóla og sjálfstætt starfandi skóla. Með jöfnum opinberum framlögum í bæði kerfi má jafna aðstöðumun barna – þannig fá öll börn jöfn tækifæri til að sækja ólíka skóla óháð efnahag foreldra.

IV. Jöfn tækifæri

Rekstrarumhverfi sjálfstætt starfandi skóla í Reykjavík er erfitt, enda opinber framlög til skólanna takmörkuð við 75% af meðalrekstrarkostnaði fyrir hvern nemanda í opinberum grunnskólum landsins. Auk þess þurfa skólarnir að reka frístundastarf sitt á þessu sama framlagi því sjálfstætt starfandi skólar hafa almennt ekkert framlag fengið til reksturs frístundaheimilis. Borgarreknir grunnskólar þiggja hins vegar slíkt framlag frá borgarsjóði. Þessi fjárhagslegi mismunur leiðir til þess að sjálfstætt starfandi skólar fá talsvert lægri fjárhæð mánaðarlega með hverjum nemanda en borgarreknir skólar. Skólarnir verða því að innheimta skólagjöld vegna nemenda sinna sem þó duga ekki til að bæta upp fyrir þennan fjárhagslega mismun.

Afnám skólagjalda ætti að vera borgarstjórn kappsmál, enda getur innheimta slíkra gjalda gert nemendahópa einsleita. Ekki er öllum kleift að greiða með börnum sínum skólagjöld. Efnameiri foreldrar eiga nú aukin tækifæri til velja milli ólíkra skóla borgarinnar fyrir börn sín. Þannig ýtir núverandi fyrirkomulag, sem styður illa við sjálfstætt starfandi skóla, enn frekar undir mismunun og stéttaskiptingu strax á grunnskólastiginu. Sjálfstæðisflokkurinn leggur ríka áherslu á að öllum börnum séu tryggð jöfn tækifæri, óháð efnahag foreldra.

V. Fé fylgi barni

Það er réttlætismál að tryggja jöfn opinber framlög með hverju barni í skólakerfinu, óháð rekstrarformi þess skóla eða frístundaheimilis sem barni er valið. Þannig kæmust sjálfstætt starfandi grunnskólar hjá innheimtu skólagjalda – og þannig mætti tryggja öllum börnum jöfn tækifæri til þeirrar menntunar og frístundaiðkunar sem þeim býðst í Reykjavík, því efnahagur foreldra yrði ekki lengur ákvarðandi forsenda við val á grunnskóla.

Það er eðlilegur réttur barna að borgin leggi til sömu upphæð opinbers fjár til menntunar þeirra. Núverandi kerfi mismunar foreldrum og börnum þeirra, eftir rekstrarformi þeirra skóla sem þau sækja. Verði tillagan sem hér er borin upp samþykkt, getum við betur tryggt jafnrétti til náms, fjölbreyttara skólakerfi og stéttlausan grunnskóla.